

Sp.

132. Tillaga til þingsályktunar

[86. mál]

um heildaráætlun um aðgerðir til að hefta landbrot.

Flm.: Steinþór Gestsson, Egill Jónsson, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til að matsnefndir, sem starfa skv. 2. gr. laga um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna, geri á því úttekt, hver í sínu umdæmi, hversu víða sé hætt á landspjöllum af völdum vatna og hversu stór landsvæði megi ætla að eyðist af þeim sökum ef ekki er að gerl.

Heildaráætlun um kostnað við varnaraðgerðir og tillögur um röðun framkvæmda skulu sendar til landbúnaðarráðuneytisins, sem lætur samræma álit nefndanna til þess að gera stjórnvöldum kleift að áætla heildarfjárförf til varnarmannvirkjanna með nokkru öryggi og gera tillögur um framlög til einstakra verka.

Greinargerð.

Á hátíðafundi á Þingvöllum 1974 samþykkti Alþingi sérstaka áætlun um gróðurvernd. Sú áætlun tekur til uppgæðslu örfoka lands og verndunaraðgerða þar sem fokhætta er yfirvofandi af völdum veðra og heitarálags.

Í tengslum við þessa samþykkt Alþingis voru hinn 14. maí 1975 samþykkt lög um heftingu landbrots og varnir gegn ágangi vatna. Þau lög hafa haft veruleg áhrif, þannig að þeir aðilar, sem telja nytjalönd sín eyðast eða vera í yfirvofandi hættu af völdum vatna, geta snúið sér til sérstakra matsnefnda sem starfa í hverri sýslu, en þær semja álitgerð um varnarframkvæmdir. Mætti ætla að með þessu móti væri gert það sem gera þarf til lausnar þeim vanda sem við er að fást, og vissulega gæti það verið svo, ef menn væru um það nægilega árvakrir að láta matsnefndirnar fjalla um hvaðeina sem upp kemur í þessu efni. Því miður verður þess víða vart, að menn hafa ekki á þessum landspjöllum nægilega vakandi auga, enda er gjarnan munur á því frá ári til árs, hversu eyðing af völdum stórra og smárra vatna er hraðfara.

Mönnum sést gjarnan yfir það, að hætta geti verið fólgin í hægfara landbroti, en dæmi sanna að þar sem svo hefur gengið til um nokkurt skeið geta menn skyndilega staðið frammi fyrir óstöðvandi landbroti, nema stórfé sé til umráða til framkvæmda.

Tillaga þessi miðar að því að koma í veg fyrir slík mistök, með því að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að matsnefndir héraðanna geri heildarúttekt á ástandi og horfum um landbrot af völdum ágangs fallvatna, þótt ekki liggi fyrir erindi um það frá landeigendum, en það hafa verið aðalreglur við framkvæmd laganna til þessa.

Þá gerir tillagan ráð fyrir því, að landbúnaðarráðuneytið láti samræma áætlanir matsnefndanna svo að ákvarðanir um fjárveitingar til þessara varnaraðgerða verði teknar með hliðsjón af heildarstærð vandans annars vegar og samanburði á stærð og ástandi einstakra verkefna hins vegar.

Nánari grein verður gerð fyrir tillögu þessari í framsögu.